

Fundargerð stjórnar Bandalags íslenskra skáta – Fundur 18/2024



Staður: Hraunbær 123

Dags: 2024-02-12

Tími: 20:30-22:00

Fundarstjóri: Harpa Ósk Valgeirsdóttir

Ritari: Ragnar Þór Þrastarson

Mætt: Sævar Skaptason, Davíð Þrastarson, Þórhallur Helgason, Harpa Ósk Valgeirsdóttir, Auður Sesselja, Guðrún Stefánsdóttir, Halldóra Inga Ingileifsdóttir – fjármálastjóri, Elín Esther – Rekstrarstjóri Úlfljótswatns.

Fjarverandi: Unnur Líf Kvaran

[Dagskrá: Fjármál, uppgjör og áætlanir 2025.](#)

Fundur settur: 20:30

Farið yfir stöðu fjármála, uppgjör félaga og fjárhagsáætlanir fyrir 2025 kynntar.

1. Fjármál BÍS og dótturfyrirtækja - Halldóra Inga og Ragnar Þór

Skátamót uppgjör.

- Ákveðið var að greiða þóknar til ÚSÚ og BÍS. Einnig er ákveðið að Skátamót greiði ÚSÚ þær 9.5 M.kr sem fóru inn til Skátamóta.
- Næstu skref eru að greiða upp ofantalin mál.
- Stjórn leggur áherslu á að styðja ÚSÚ í uppbyggingu á klósetthúsum og stofna skal hússjóð. Stjórn samþykkir að framkvæmdaráð taki ákvörðun um hvernig skal styrkja uppbyggingu á ÚSÚ og upplýsi stjórn á næstu tveim vikum.
- Rædd var sú upphæð sem skilja þarf eftir hjá Skátamótum svo það sé til nægt fjármagn til þess að byrja að keyra þau mót sem framundan eru líkt og WSJ í Póllandi '27.

Skátabúðin uppgjör

- Stendur ágætlega eins og staðan er núna.

ÚSÚ uppgjör

- Úlfljótswatn stendur ágætlega. Mikil þörf er á viðhaldi.

BÍS uppgjör

- Uppgjör rætt. Markmið ársins 2024 hefur verið að mynda varasjóð og lítur út fyrir að vinna að því markmiði gangi vel.

Samantekt á fjárhagsáætlunum fyrir 2025:



- Fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 fyrir Skátamót er ókláruð þar sem sum aldursbilamót eru enn í skipulagningarferli og áætlanir ekki tilbúnar – Halldóra gengur á eftir þeim.
- Skátabúðin árið 2025 mun vera rekin í tapi en ekki í hagnaði.
- Úlfljótuvatn – Bókunarstaðan er góð og lítur vel út. Sumarbúðirnar líta vel út en skólabúðir eru erfiðari þar sem það þarf að vinna til baka þá viðskiptavinum sem farið hafa annað.
- Grænir skátar – Yfirferð á fjárhagsáætlun 2025.
- BÍS – Yfirferð á fjárhagsáætlun 2025. Markaðskostnað BÍS verður að skoða. Samþykkt er að starfsmannakostnaður verði greiddur af hverju móti sem haldið er ákveðið.
 - **Gera skal ráð fyrir 10% af heildartekjum af viðburði í ófyrirséðan kostnað og 10% af heildartekjum í umsýsnargjald fyrir aðstoð starfsmanna á skrifstofu BÍS við skráningu, kynningarmál, samskipti við skipuleggjendur viðburðar og þátttakendur, fjármál og bókhald.**

Skátabúðin

- Staðan rædd og framkvæmdastjóra falið af stjórn að stilla upp sviðsmyndum fyrir næsta ár.

2. Staða ÚSÚ - Elín Esther

- Elín Esther, rekstrarstjóri Úlfljótuvatns svarar praktískum spurningum fundarmanna og upplýsir stjórn um stöðu mála.

3. Nýtt trúnaðarmál til upplýsingar - Harpa

- Stjórn upplýst um trúnaðarmál.

4. Önnur mál

- Evrópuþing næsta sumar rætt. Tillaga alþjóðafulltrúa rædd og ákveðið var að sendir yrðu 2 alþjóðafulltrúar, 2 stjórnarmeðlimir og 2 ungmenni yrðu send og þau sækja um að fara á þingið. Þessi tillaga alþjóðafulltrúa var samþykkt af stjórn.
- Samþykkt var að boða Félagsföngjafund á nýju ári.

Fundi slitið: 22:00

